

AUGLÝSING

um friðland í Vatnshornsskógi í Skorradal.

1. gr.

Um friðlýsinguna.

Umhverfisráðherra hefur í samræmi við Náttúruverndaráætlun 2004-2008 og með samþykki landeigenda, Skorradalshrepps og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra f.h. ríkisins, og með samþykki sveitarfélagsins ákveðið að friðlýsa Vatnshornsskógi í Skorradal sem friðland í samræmi við 1. tölulið 1. mgr. 53. gr. laga um náttúruvernd, nr. 44/1999.

Við ákvörðun um friðlýsingu þessa var höfð hliðsjón af samningnum um verndun villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979), sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993 og samningnum um líffræðilega fjölbreytni (Ríó de Janeiró 1992), sbr. Stjórnartíðindi C 3/1995.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda náttúrulegan, lítt snortinn og hávaxinn birkiskógi með gróskumiklum botngróðri, ásamt erfðaeiginleika og erfðafjölbreytileika íslenska birkisins. Á svæðinu er líffræðileg fjölbreytni mikil og þar er fundarstaður sjaldgæfra tegunda, m.a. eini fundarstaður fléttutegundarinnar flókakræðu (*Alectoria sarmentosa* ssp. *vexillifera*). Meðal markmiða friðlýsingarinnar er að tryggja að líffræðilegri fjölbreytni vistgerða og vistkerfa svæðisins verði við-haldið með því að vernda tegundir dýra, plantna og annarra lífvera ásamt erfðaaðlindum sem tegundirnar búa yfir og búsvæði þeirra. Ennfremur er það markmið friðlýsingarinnar að treysta rannsókna-, útvistar- og fræðslugildi svæðisins.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Friðlýsingin tekur til Vatnshornsskógar í Skorradal að undanskildum tveimur frístundalóðum í einkaeign 1,2 ha og 0,52 ha og er afmörkun lóðanna á meðfylgjandi uppdrætti. Mörk hins friðlýsta svæðis liggja sem hér segir: Frá punkti 1 í jaðri skógarins við strönd Skorradalsvatns, sem er norðurhorn svæðisins, upp með gili, sem jafnframt myndar landamerki við jörðina Haga, að punkti 2 sem liggur ofan skógar og er vesturhorn svæðisins, þaðan til suðausturs í beinni línu að punkti 3, þaðan áfram til suðausturs að punkti 4 sem er suðurhorn svæðisins, þaðan í beinni línu niður brekkuna að punkti 5, þaðan áfram niður brekkuna að punkti 6 sem er austurhorn svæðisins, þaðan fylgja mörkin neðri jaðri skógarins aftur að norðurhorni. Ströndin neðan skógar er ekki hluti friðlandsins. Innan svæðisins eru tvær frístundalóðir sem afmarkast af ferhyrningum með hornhnit merkt A til H. Mörk svæðisins eru sýnd á korti ásamt frístundalóðum. Hnit punktanna eru gefin upp í ISN93 kerfi.

Friðlandsmörk			Frístundalóðir		
Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit	Y-hnit
1	385054,62	446516,67	A	385131,00	446342,00
2	384667,65	446019,00	B	385148,00	446357,00
3	385938,48	444573,32	C	385077,00	446401,00
4	386958,62	443605,91	D	385029,00	446357,00
5	387203,85	444092,11	E	385072,00	446288,00
6	387285,57	444491,80	F	385083,00	446298,00
			G	385139,00	446190,00
			H	385224,00	446262,00

Heildarflatarmál friðlýsta svæðisins er 247 ha. Mörk hins friðlýsta svæðis eru sýnd á með-fylgjandi fylgiskjali.

4. gr.

Verndun gróðurs, dýralífs, jarðmyndana o.fl.

Óheimilt er að spilla náttúrulegu gróðurfari, trufla dýralíf og hrófla við jarðmyndunum og öðrum náttúruminjum í friðlandinu.

Vatnshornsskógr skal vaxa villtur en ekki um hann hirt eins og um nytjaskóg væri að ræða. Þó er heimilt að grisja skóginn í þágu náttúruverndar og útivistar í samræmi við markmið friðlýsingarinnar, svo sem vegna stígagerðar og grisjun meðfram stígum.

5. gr.

Vernd og endurheimt birkis.

Vernda skal náttúrulegt gróðurfar og skapa skilyrði til náttúrulegrar endurnýjunar birkis á svæðinu, en ekki skal raska framvindu skógarins. Við endurheimt birkis og umsjón friðlandsins að öðru leyti skal tryggt að ekki sé raskað líffræðilegum fjölbreytileika á svæðinu. Plöntun annarra trjátegunda en staðarafbrigðis birkis er óheimil. Óheimilt er að rækta framandi plöntutegundir í friðlandinu sbr. reglugerð um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda, nr. 583/2000.

6. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á landi eru óheimilar nema með leyfi Umhverfisstofnunar, Skógræktar ríkisins og sveitarstjórnar Skorradalshrepps. Til verndar Vatnshornsskógi er jarðrask innan friðlýsta svæðisins, sem truflað getur vistkerfiseiginleika skógarins, óheimilt. Óheimilt er að beita búpeningi innan friðlýsta svæðisins.

Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun eru heimilar nauðsynlegar aðgerðir til verndar náttúrulegu gróðurfari svæðisins og þess að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, t.d. með lagningu stíga, uppsettingu fræðsluskulta, bekkjum og öðrum búnaði í þágu náttúruverndar og útivistar þar sem því verður við komið. Umhverfisstofnun hefur frumkvædi að gerð verndaráætlunar fyrir svæðið þar sem friðlýsingarskilmálar og framkvæmdir tengdar þeim eru útfærðar nánar.

Óheimilt er að urða sorp í friðlandinu eða losa jarðefni eða annan úrgang á svæðinu. Einnig er óheimilt að dreifa lífrænum úrgangi, þ.m.t. lífrænum úrgangi sem getur borið með sér fræ af óþekktum uppruna. Óheimilt er að kveikja eld í friðlandinu.

7. gr.

Umferð í friðlandinu.

Almenningi er heimil fyr um svæðið og dvöl þar í lögmætum tilgangi, enda sé góðrar umgengni gætt. Umferð vélknúinna ökutækja í friðlandinu er aðeins leyfð á vegi. Ríðandi mönnum er heimil fyr um svæðið eftir afmörkuðum reiðleiðum og veg. Heimilt er að fara á reiðhjólum um friðlandið en fylgja skal vegi og stígum, ætluðum til hjóreiða, svo ekki hljótist af náttúruspjöll. Óheimilt er að vera með lausa hunda í friðlandinu.

8. gr.

Notkun skotvopna.

Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til minkaveiða á grundvelli laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

9. gr.

Umsjón með friðlandinu o.fl.

Skógrækt ríkisins hefur umsjón með svæðinu, en Umhverfisstofnun hefur eftrlit með framkvæmd friðlýsingarinnar. Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins gera sérstakan samning um umsjón og rekstur friðlandsins, sem umhverfisráðherra staðfestir.

Nr. 164

29. janúar 2009

10. gr.

Undanþágur.

Umhverfisráðherra getur, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, Skógræktar ríkisins, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skorradalshrepps, veitt heimild til þess að vikið verði frá reglum þessum í einstökum tilfellum.

11. gr.

Refsiákvæði.

Brot gegn friðlýsingu þessari varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum sbr. lög um náttúruvernd, nr. 44/1999.

12. gr.


Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 29. janúar 2009.

Pórunn Sveinbjarnardóttir.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Friðlandsmörk			Frístundalóðir	
Nr.	X-hnit	Y-hnit	Nr.	X-hnit
1	385054,62	446516,67	A	385131,00
2	384667,65	446019,00	B	385148,00
3	385938,48	444573,32	C	385077,00
4	386958,62	443605,91	D	385029,00
5	387203,85	444092,11	E	385072,00
6	387285,57	444491,80	F	385083,00
			G	385139,00
			H	385224,00
				446342,00
				446357,00
				446401,00
				446357,00
				446288,00
				446298,00
				446190,00
				446262,00